

Nefndasvið Alþingis
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 10. mars 2021

Efni: Frumvarp til laga um gjaldeyrismál, 537.mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 24. febrúar 2021 þar sem óskað var umsagnar SA um ofangreint frumvarp. Líkt og komið hefur fram í umsögnum SA um drög að frumvarpinu á Samráðgátt (dags. [13. nóvember 2020](#) og [28. janúar 2021](#)) fagna samtökin því að áformað sé að leggja fram ný heildarlög um gjaldeyrismál og telja til bóta að hugtakanotkun sé uppfærð og löggin aðlöguð að nútíð. Þá fagna samtökin því að nokkrar af fyrri athugasemdum hafi verið teknar til greina við smíð frumvarpsins hjá ráðuneytinu.

Höft – hagstjórn til þrautavara

Aftur á móti, eins og einnig hefur komið fram í fyrri umsögnum, hafa SA áhyggjur af mögulegum afleiðingum þess að heimild handa Seðlabankanum, með samþykki ráðherra, til að grípa til „*varúðarráðstafana við sérstakar aðstæður*“, þ.e. setningar gjaldeyrishafta, verði færð varanlega í lög. Af frumvarpinu að dæma virðist lítil tilraun hafa verið gerð til að meta neikvæðar afleiðingar þess, en að mati SA getur efnahagslegur kostnaður, hvort sem reyna muni á heimildina eður ei, orðið mikill og varanlegur. Samtökin leggjast því alfarið gegn þessum áformum.

Samtökin hafa bent á að heimild sem þessi geti haft fælandi áhrif á erlenda fjárfesta vegna aukinnar óvissu um hvort treysta megi á að hægt verði að flytja fjármuni til og frá landinu. Það er ekki ofsögum sagt að orðspor Íslands sem fjárfestingakosts sé litað af óstöðugleika og notkunar á gjaldeyrishöftum. Auðfengnar heimildir til hafta á fjármagnsflæði eru ekki til þess fallnar að auka traust erlendra fjárfesta á íslenskum fjárfestingakostum. Erlend fjárfesting getur styrkt efnahagslegar stoðir með því að stuðla að lægra vaxtastigi og veita aukin tækifæri til uppbyggingar. Þá er nauðsynlegt að erlendir aðilar hafi áhuga á að fjárfesta hér á landi til þess að íslenskir lífeyrissjóðir geti fjárfest erlendis án þess að slíkar hreyfingar ógni gengisstöðugleika. Jafnframt dreifir erlend fjárfesting áhættu og eflir innlandan mannauð, og getur þannig ýtt undir bæði öflugra og fjölbreyttara hagkerfi. Ætti því heldur að leita leiða til að bæta orðspor Íslands, styrkja umgjörð og stoðir; hvetja til fjárfestingar í stað þess að letja. Segja má að með því að lögfesta heimild á borð við þá sem hér er lögð til sé verið að gangast við því orðspori sem af landinu fer. Skilaboðin sem eru send eru „þegar“ en ekki „ef“ fjármálastöðugleika er ógnað.

Öllu augljósara er að ef komi til þess að grípa þurfi til hafta á ný fylgi því efnahagslegur kostnaður og velferðartap, sérílagi til lengri tíma, er það m.a. tíundað í greinagerð með frumvarpinu. Höft skerða samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og torvelda fjármögnun, skapa hættu á eignabólu og draga úr skatttekjum ríkissjóðs ef hvati skapast til að færa verðmætasköpun frá landinu, svo eitthvað sé nefnt. Það er því nauðsynlegt að lágmarka hvata til ótímabærrar haftasetningar, þ.e.a.s. það má ekki vera einfalt í framkvæmd – því auðveldari sem innleiðingin er því meira eykst hættan á að gripið sé til þeirra áður en tilefni er til þess í raun. Tryggja þarf að beiting hafta sé síðasta mögulega úrræði; hagstjórn til þrautavara.

Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi liggur ákvörðun um setningu gjaldeyrishafta hjá seðlabankastjóra og varaseðlabankastjórum, og skal staðfest af ráðherra, þó æskilegt sé að upplýsa bæði Alþingi og ríkisstjórn um áformin. Áætlað fyrirkomulag er að mati SA ekki til þessa fallið að lágmarka hvata til ótímabærrar haftasetningar. Gjalddeyrishöft eru, og eiga alltaf að vera, neyðarráðstöfun sem aðeins er unnt að grípa til þegar annarra kosta er ekki völ, og skulu ávallt vera tímabundin. Neyðarúrræði kalla ekki á varanlega heimild í lögum. Samtökin telja að heimild til haftasetningar eigi öllu heldur að veita t.a.m. með bráðabirgða ákvæði í lögum, með samþykki meirihluta Alþingis enda varði slíkt almannahag, þar sem tekið er tillit til aðstæðna hverju sinni. Aftur á móti eru það niðurstöður samráðs á fyrri stigum málsins að það sé afstaða bæði ráðuneytis og Seðlabanka að óvarlegt væri að hafa ekki til staðar heimildir í lögum svo hægt sé að grípa til þeirra með skjótum hætt gerist þess þörf, og að heppilegast sé að ákvörðun um beitingu hafta sé í höndum Seðlabanka og aðeins háð samþykki ráðherra. Þessu eru SA ósammála, líkt og ljóst má vera af umfjölluninni hér að ofan. Að mati samtakanna hafa ófullnægjandi ástæður verið gefnar fyrir þeirri nauðsyn að koma heimildinni varanlega fyrir í lögum. Fordæmi eru fyrir því að þing sé kallað saman með skömmum fyrirvara gerist þess þörf. Þá var heimild til haftasetningar lík þeirri sem nú stendur til að leiða í lög ekki til staðar þegar gripið var til þeirra síðast.

Hin sérstaka bindiskylda

Þessu til viðbótar áréttu SA afstöðu sína hvað varðar beitingu hinnar sérstöku bindiskyldu en samtökin telja að ákvarðanir varðandi hana eigi að vera á forræði fjármálastöðugleikanefndar líkt og önnur þjóðhagsvarúðartæki. Niðurstöður samráðskafla annarra draga frumvarpsins voru þær að skiptar skoðanir séu á því hvar tækinu sé best borgið, vænlegast sé því að koma því þannig fyrir að það sé sameiginleg ákvörðun seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra að óska eftir því við ráðherra að tækinu sé beitt. Þessu eru samtökin ósammála og þykja frekari rökstuðning vanta en telja þó rétt að krafist sé samþykki ráðherra.

Líkt og bent er á í umsögn SA frá 28. janúar sl. kemur fram í [Rammagrein 1 í Peningamálum 2018/2](#), þar sem tilurð sérstöku bindiskyldunnar er rakin, að bindiskyldan sé „...þjóðhagsvarúðartæki sem getur dregið úr hættu á að óhóflegt innflæði fjármagns leiði til uppbyggingar á kerfislægri áhættu í þjóðarbúskapnum.“ Sömulleiðis taldi starfshópur um endurmat á peningastefnu Íslands að tækinu yrði best komið fyrir í búi

fjármálastöðugleikanefndar, enda um að ræða þjóðhagsvarúðartæki sem ætlað er að tryggja fjármálastöðugleika. Væri það fyrirkomulag jafnframt í anda laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands þar sem kveðið er á um að fjármálastöðugleikanefnd beri að taka ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans varðandi fjármálastöðugleika. Þá tryggir það einnig aukið gagnsæi og að ytri nefndarmeðlimir geti veitt viðeigandi og ekki síður nauðsynlegt aðhald við beitingu jafn íþyngjandi og kostnaðarsamra úrræða. Sé ákvörðunin á borði seðlabankastjórnanna eingöngu er því ekki til að dreifa, jafnvel þó leita þurfi samþykkis ráðherra.

Nánari umfjöllun um afstöðu samtakanna hvað varðar fyrirkomulag fjárstreymistækisins og heimildar til setningar gjaldeyrishafta má finna í umsögnum SA um málið á fyrri stigum og vísað var til hér að ofan.

Samtök atvinnulífsins vonast til þess að ofangreindar athugasemdir verði teknar til greina áður en frumvarp þetta verður að lögum. Samtökin þakka jafnframt fyrir tækifærið til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Virðingarfyllst,



Stefanía K. Ásbjörnsdóttir
f.h. Samtaka atvinnulífsins